

80  
18. nóv.

## Reglugjörð

fyrir

### **vatnsveitu Víkurkaupþúns innan Hvammshrepps í V.-Skaftafellssýslu.**

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Hvammshrepps hefir á hendi yfirstjórn vatnsveitu Víkurkaupþúns, en felur öll framkvæmdarstörf 3 mönnum, vatnsveitunefnd, sem heimilt er að velja utan hreppsnefndar. Skulu nefndarmenn ávalt eiga heima í Vík.

#### 2. gr.

Allar tekjur vatnsveitunnar renna í sjerstakan sjóð, vatnsveitusjóð Víkurkaupþúns. Úr honum greiðast öll gjöld vatnsveitunnar.

Aðalæðar vatnsveitunnar og umbúnaður við vatnsbólíð, verða sameign kaupþúnsins og kostuð af vatnsveitusjóði, svo og viðhald þeirra, eftirlit með vatnsleiðslunni og stjórn hennar.

Húsæðar (frá aðalæðum inn í hús) og allur umbúnaður innan húsa, skal vera sjereign hvers húss fyrir sig og gerð á kostnað húseiganda; en af þar til löggiltum mönnum (sbr. 7. gr.).

#### 3. gr.

Hver, sem vill fá vatn leitt í hús sitt, saki skriflega um það til vatnsveitunefndar, undirskrifti reglugjörð vatnsveitunnar og skuldbindi sig og síðari eigendur hússins með því til að uppfylla hana og halda ákvæði hennar, og greiði 10 kr. viðtengingargjald, er renni í vatnsveitusjóð. Er vatnsveitunefnd þá skylt að veita vatni inn til hans.

#### 4. gr.

Kaupþúnsbúar eru skyldir að taka neysluvatn sitt hjá vatnsveitunni, nema hafi annað tryggilegt vatnsból, er heilbrigðisnefnd telur örugt.

#### 5. gr.

Vatnsskattur greiðist með árlegu gjaldi er sje 1—4% af skattverði húseigna, samkvæmt gjaldskrá, er hreppsnefnd gefur út árlega. Enn fremur skal gjalda alt að 1 eyri á hverja sauðkind, sem slátrað er á opinberum slátrunarstöðum.

Fari notkun vatns einhvers húss fram yfir venjulegar þarfir vegna sjerstakrar notkunar eða atvinnu sem þar er rekin, eða ef vatn er notað á einhvern

hátt, sem hjer er ekki gert ráð fyrir skal gjald fyrir það ákveðið með samningi við vatnsveitunefnd.

**80**  
18. nón.

Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu alls vatnsskatts, sem græiða á af húsum þeirra og atvinnurekstri, er fram fer í þeim.

Ef fyrirsjáanlegt er að tekjur vatnsveitunnar hrökkva ekki fyrir gjöldum getur hreppsnefndin eftir tillögum vatnsveitunefndar hækkað vatnsskattana fyrir 1 ár í senn um allt að 50%.

#### 6. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. desember ár hvert, og greiðist í fyrsta sinn 1. desember 1922.

Vatnsskattinn og viðtengingargjaldið má taka lögtaki.

#### 7. gr.

Vatnsveita sú, sem nú er í kaптúninu og einstakir menn eiga, verður tekin til umráða samkvæmt reglugerð þessari, en eigendur hennar fá endurgreiddar pípur aðalæðar með verði því, er á þeim var upphaflega, á næstu 5 árum. Viðtengingargjald verða þeir að greiða fyrir hús sín eins og aðrir notendur. Telst viðtengingargjaldið endurgreiðsla 1. árs. Það, sem þá verður eftir, endurgreiðist að jöfnu á 4 árum.

#### 8. gr.

Hreppsnefnd löggildir svo marga menn er þurfa þykir og þar til hæfa til þess að leggja vatnsæðar þær, sem vatnsveitan eða einstakir menn eiga að kosta, og setja í samband við aðalæðarnar og skulu þeir skyldir að hlíta vinnukauptaxta þeim, er hreppsnefnd samþykkir.

Engir aðrir en þeir, sem þannig eru löggiltir, mega leggja æðar frá vatnsveitu kaптúnsins inn í hús eða um þau, gera við þær eða breyta þeim.

#### 9. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, verja þær frosti eins og unt er og láta gera við tafarlaust, ef eitthvað bilar. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

#### 10. gr.

Vatnsveitunefnd og löggiltum innlagningarmönnum, sem vatnsveitunefnd kveður til þess, er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem í samband við þær eru sett.

Þyki þeim útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, getur vatnsveitunefnd fyrirskipað að tafarlaust skuli bætt úr því á kostnað húseiganda.

80

18. nóv.

## 11. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, er vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni ónauðsynlega og greiða ekki vatnsskatt á rjettum gjalddaga.

Opna skal vatnsæðar undir eins og bætt er úr því, sem ábótavant var.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm hreppsnefndar.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðunum er lokað.

## 12. gr.

Vatnsveitunefnd hefir á hendi innheimtu tekna vatnsveitunnar og greiðslur og semur áísreikning og hefir að launum fyrir öll störf sín 5% af tekjunum. Reikningsárið er almanaksárið.

Hreppsnefnd kys 2 endurskoðendur reikninga utan hreppsnefndar og úrskurðar þá að lokum.

## 13. gr.

Verði nokkur uppvis að því að skemma vatnsveituna eða það sem henni tilheyrir, bæti hann það að fullu eftir mati þar tilkvaddra manna, er sýslumaður útnefnir, og sæti refsingu samkvæmt hegningarlögum landsins, ef sakir eru þannig vaxnar að undir þau geti fallið.

## 14. gr.

Brot gegn ákvæðum þessarar reglugjörðar varða sektum alt að 50 kr., sem renna í vatnsveitusjóð og fer með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Hvamshrepps í Vestur-Skaftafells-sýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 25, 22. október 1912, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. jan. 1923.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. nóv. 1922,

**Kl. Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*